# Námsáætlun 9. bekkur

Smáraskóli

## Myndmennt

**Tímar á viku: 2**

### Kennsluaðferðir og skipulag.

**Leiðir:**

Nemendur eru níu vikur í röð á skólaárinu, eitt skipti í viku í Myndmennt.

Innlagnir, sýnikennsla, verklegar æfingar, einstaklingsvinna, samvinna, sköpun og persónulegar útfærslur.

| Hæfniviðmið | Viðfangsefni | Námsefni | Námsmat |
|---|---|---|---|
| **Nemandi getur:**<br>- greint og beitt fjölbreyttum aðferðum og tækni,<br>- sýnt og útskýrt vinnuferli frá hugmynd að lokaverki, sem felur m.a. Í sér úpplýsingaöflun, tilraunir og samtal,<br>- blandað liti úr frumlitunum með áherslu á litatóna og sýnt fram á að | - Formfræði<br>- Myndbygging<br>- Hönnun<br>- Þrykk<br>- Spjaldtölvu<br>- Áferð<br>- Listasögu<br>- Umgengni | - Tæki og áhöld greinarinnar<br>- Teikniblýantur<br>- Tusslitir<br>- Vatnslitir<br>- Þekkjulitir<br>- Trélitir<br>- Perlulitir<br>- Ýmis pappír<br>- Lakk<br>- Teiknihörn<br>- Bækur | Símat:<br>- verkefni<br>- hegðun<br>- viðhorf<br>- vinnusemi<br>- samvinna<br>- samskipti<br>- sköpun<br>- umgengni |

| | | | |
|---|---|---|---|
| stærðarhlutföll, skörun og litir hafi rýmisskapandi áhrif,<br>- nýta sér mismunandi útgáfur og lausnir á formfræði, litafræði, myndbyggingu og útfærslu myndverka<br>- kynnast hlutföll mannslíkamans og gert sér grein fyrir heildarbyggingu mannslíkamans og gert samanburð á hlutföllum og stærðum með mælingum,<br>- nýta sér möguleika línunnar og unnið með hana á markvissan hátt og kynnast hugtakið sjónarhorn og gert kannanir og verkefni tengd því,<br>- tekið þátt í samræðum um eigin verk og annarra á uppbyggilegan hátt,<br>- skrásett og sett fram hugmyndir á fjölbreyttan hátt byggðar á eigin ímyndunarafli, og/eða rannsókn,myndrænt og/eða í texta,<br>- sýnt frumkvæði og sjálfstæð vinnubrögð | | - Spjaldtölvu<br>- Efni af veraldarvefnum | |

| | | | |
|---|---|---|---|
| - túlkað listaverk og hönnun með tilvísum í eigin reynslu, nærumhverfi, samtímann, síðfræði og fagurfræði<br>- sýnt vönduð vinnubrögð og góða umgengni | | | |

## Grunnþættir menntunar.

| Grunnþáttur | Áhersluþættir grunnþátta menntunar |
|---|---|
| Læsi: | - velur og notar ólíkar aðferðir við útfærslu verkefna sinna,<br>- tjáir sig um verkefni sín og notar hugtök sem tengjast viðfangsefninu,<br>- rökstyður val á leiðum í vinnuferli,<br>- velur og notar á ábyrgan og réttan hátt áhöld og tæki sem henta viðfangsefnum hverjum sinni,<br>- les og vinnur sjálfstætt eftir leiðbeiningum,<br>- gerir sér grein að hægt er að lesa og túlka list og menningu á mismunandi hátt, |
| Sjálfbærni: | - nýtir sér möguleika endurnýtingar með umhverfisvernd og sjálfbærni í huga,<br>- nýtir efnivið á ábyrgan hátt,<br>- gengur af virðingu og ábyrgð um vinnusvæði sitt, |

| | |
|---|---|
| | - öðlist færni sem býr þá undir daglegt líf og frekara nám, |
| Heilbrigði og velferð: | - fær tækifæri til að vinna út frá styrkleikum og áhuga,<br>- gengur um áhöld og tæki af ábyrgð og á réttan hátt,<br>sýnir rétt vinnubrögð og beitir réttum vinnustellingum,<br>- vinnur einstaklingslega og í hóp, nýtir styrkleika sína í félagslegum og jákvæðum samskiptum,<br>- hefur tileinkað og gert sér grein mikilvægi hreinlætis, |
| Lýðræði og mannréttindi: | - hefur val um útfærslur og áherslur í vinnu sinni,<br>- tekur ábyrgð og vinnur sjálfstætt eftir vinnuferli frá hugmynd til afurðar,<br>- kemur fram við aðra af virðingu fyrir manngildi hvers og eins,<br>- geri sér grein fyrir margvíslegum tilgangi lista í samfélaginu, |
| Jafnrétti: | - ræktar hæfileika sína og þroskast á eigin forsendum,<br>- fer eftir reglum og vinnur á jafnréttisgrundvelli,<br>- tekur tillit til skoðana annarra án fordóma, |
| Sköpun: | - beitir fjölbreyttum aðferðum og tækni við hönnun, útfærslu og úrvinnslu verkefna sinna,<br>- virkjar hugmyndaflugið til að finna lausnir, leika sér með möguleikana og sýna mismunandi útfærslur,<br>- fær tækifæri til að sýna og nýta hæfileikana sína á fjölbreyttan og skapandi hátt. |